

Úrskurður nr. 4/2002.

- Endurákvörðun

Tollstjóri breytir tollflokkun og endurákvörðar gjöld af 32 vörusendingum er innihéldu óátekna geisladiska. Kærandi telur tollflokkun tollstjóra ekki rétta og krefst þess að endurákvörðunin verði felld úr gildi. Ríkistollanefnd staðfesti hina kærðu endurákvörðun.

Lög 55/1987 tollalög 99.gr., 100.gr., 101. gr. og 142. gr. Stjórnsýslulög 37/1993, 11 og 12 gr.

Með bréfi, dags. 25. janúar 2002, sem barst nefndinni þann 4. febrúar s.á. kærir L, fyrir hönd A, úrskurð tollstjóra frá 29. nóvember 2001. Í hinum kærða úrskurði er tollflokkun á óáteknum geisladiskum breytt og aðflutningsgjöld endurákvörðuð. Um er að ræða 32 vörusendingar. Endurákvörðunin leiddi til hækkunar aðflutningsgjalda kr. 2.516.008,00 auk vaxta kr. 1.409.460,00 eða samtals kr. 3.925.468,00. Kærandi krefst þess að hinn kærði úrskurður verði ógiltur.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra segir m.a. að með bréfi embættisins, dags. 29. nóvember 2001, hafi fyrirtækinu verið gerð grein fyrir því að fyrirhugaður væri úrskurður um endurákvörðun aðflutningsgjalda vegna eftirfarandi sendinga:

E LAG 24 08 8 GB IMM J028
E BRU 08 02 0 DK CPH W355
E HAD 10 04 0 GB IMM J016
E HAD 01 03 9 GB IMM J022
E DET 22 03 9 NL RTM W410
E HAD 12 10 8 GB IMM J027
E LAG 13 07 8 GB IMM J013
E BAK 09 02 8 GB IMM J002
E THR 12 10 9 DK AAR J018
E GOD 06 09 9 NL RTM W403
E LAG 23 08 9 GB IMM J005
E HAD 22 11 9 GB IMM J031
E LAG 12 06 0 GB IMM J015
E LAG 14 06 9 GB IMM J012
E HAD 18 01 9 GB IMM J006
F 775 27 10 8 DE CGN W759

E HAD 31 01 0 GB IMM J011
E LAG 07 02 0 GB IMM J011
E BRU 08 08 0 DK CPH W305
E LAG 22 03 9 GB IMM J032
S HEG 17 03 9 DK CPH U237
E LAG 01 06 8 GB IMM J006
F 775 21 12 7 GB LON W623
E BRU 07 10 9 SE GOT W066
E HAD 27 09 9 GB IMM J004
E GOD 23 08 9 NL RTM J067
E LAG 28 06 9 GB IMM J003
E GOD 01 11 9 NL RTM R406
E GOD 14 06 9 NL RTM J047
E BRU 01 06 9 DK CPH W304
F 451 04 02 9 GB LHR W181
E HAD 09 11 8 GB IMM J005

Var fyrirsvarsmönnum fyrirtækisins gefinn kostur á að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum og framvísa gögnum sem máli kynnu að skipta. Fyrirtækið mótmælti fyrirhugaðri endurákvörðun. Með bréfi embættisins, dags. 18. október s.l., var upplýst að fyrrgreind andmæli hefðu verið tekin til skoðunar en ekki væri hægt að taka tillit til þeirra við úrskurð um endurákvörðun aðflutningsgjalda. Fram kemur í bréfi embættisins til fyrirtækisins, dags. 21. júní s.l., að ástæða endurákvörðunar sé sú að innflytjandi tollflokkaði óátekna geisladiska í tollskrárnúmer 8523-2001, en

eftirlitsdeild embættisins telji rétta tollflokkun vera í tollskrárnúmer 8523-9000 samkvæmt túlkunarreglum tollskrárinnar númer 1 og 6. Í túlkunarreglu númer 1 segi að fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum séu einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skuli tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla og brjóti það eigi í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla skuli fylgt öðrum túlkunarreglum tollskrárinnar. Í túlkunarreglu númer 6 segir að í lagalegu tilliti skuli flokkun vara í undirliði einstakra vöruliða byggð á orðalagi undirliðanna og sérhverri tilheyrandi athugasemda við undirliði og, að breyttu breytanda, framangreindum reglum, með því fororði að aðeins jafnsettir undirliðir verði bornir saman. Viðkomandi athugasemdir við flokka og kafla gildi einnig með tilliti til þessarar reglu, nema annað leiði af orðalagi. Einnig voru gerðar athugasemdir við upprunaland í aðflutningsskýrslum vegna hluta sendinganna.

Þá er frekari rökstuðning fyrir ákvörðun tollstjóra að finna í bréfi til kæranda, dags. 18. október s.l., en þar segir m.a.: "Vöruliður **8523** (Fullgerðir óáteknir miðlar til hljóðupptöku eða áþekkrar upptöku á öðrum merkjum, þó ekki vörur í 37. kafla). Fyrir breytingar skiptist vöruliðurinn í fjóra hluta: I) Segulbönd, II) Seguldiska, III) Kort með segulrönd og IV) Aðra. Samkvæmt skilningi embættisins eru seguldiskar og geisladiskar ekki sami hluturinn. Með því að skoða framangreinda skiptingu er ljóst að geisladiskar geta einungis fallið undir fjórða liðinn, aðrir fullgerðir óáteknir miðlar til hljóðupptöku eða áþekkrar upptöku á öðrum merkjum. Með auglýsingu nr. 147/2000 var þessum vörulið breytt og styrkir þessi breyting fyrrgreinda skoðun embættisins. Vöruliður 8523, eftir breytingar, skiptist eins og áður í fjóra hluta: I) Segulbönd, II) Seguldiska, III) Kort með segulrönd og IV) Aðra. Undir fjórða liðinn, aðra fullgerða óátækna miðla til hljóðupptöku eða áþekkrar upptöku á öðrum merkjum, koma ný tollskrárnúmer fyrir geisladiska: 8523-9001, 8523-9002 og 8523-9009. Með þessari breytingu er því einungis verið að gera tollskrána skýrari en ekki breyta því hvar geisladiskar skuli tollflokkast. Geisladiskar þeir er Aco-Tæknival h/f flutti inn hafa því aldrei getað tollflokkast sem seguldiskar í 8523-2001. Vörur þær sem nú tollflokkast í 8523-9001, 8523-9002 og 8523-9009 tollflokkuðust allar í 8523-9000 fyrir gildistöku auglýsingar nr. 147/2000."

Endurákvörðun aðflutningsgjalda vegna umræddra sendinga er byggð á 1. mgr. og 3. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum. Í 1. mgr. 99. gr. tollalaganna kemur fram að tollstjóri skuli í samræmi við ákvæði greinarinnar endurákvarða innflytjanda aðflutningsgjöld ef í ljós kemur að þau voru ekki rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu. Í 3. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga er tollstjóra heimilt að endurákvarða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann, talið frá tollafgreiðsludegi, þegar um SMT-tollafgreiðslu er að ræða. Umræddar sendingar eru allar tollafgreiddar í SMT. Upphæð vangreiddra aðflutningsgjalda af framangreindum sendingum er kr. 2.516.008,00 ásamt dráttarvöxtum kr. 1.409.460,00.

Í kröfugerð umboðsmanns kæranda segir m.a að um sé að ræða innflutning á tiltekinni gerð seguldiska fyrir tölvur, sem í daglegu tali eru oft nefndir "óáteknir geisladiskar" vegna líkingar þeirra við áteknar tónlistargeisladiska. Umbjóðandi kæranda flokkaði þessa seguldiska á þessum tíma í tollskrárnúmer 8523-

2001 sem er fyrir seguldiska, en ekki í tollskrárnúmer 8523-9000, eins og tollstjóri heldur fram að rétt hefði verið að gera. Allar þessar sendingar voru fluttar til landsins fyrir gildistöku auglýsingar nr. 147/2000, sem tók gildi 1. janúar 2001. Eftir gildistöku hennar eru geisladiskar í fyrsta skipti nefndir í tollskránni og flokkast þeir í flokka 8523-9001, 8523-9002 og 8523-9009.

Fyrir gildistöku auglýsingar 147/2000 var flokkun tollskrárinnar þannig:

seguldiskar:

8523-2001	Fyrir vélar í nr. 8471.	
8523-2009	8523-2009	Aðrir.

kort með segulrönd:

8523-3001	8523-3001	Fyrir vélar í nr. 8471.
8523-3009	8523-3009	Önnur.
8523-9000	8523-9000	Aðrir.

Um er að ræða eina gerð seguldiska, í daglegu tali nefndir geisladiskar, sem ætlaðir eru til dreifingar á tölvuforritum og til þess að geyma á efni á tölvutæku formi. Sem dæmi má nefna að unnt er að fá Lagasafn Íslands, tungumálakennslu, ritvinnsluforritið WORD 2000 og ótal margt annað á þessum diskum. Allt þetta efni á það sameiginlegt að það verður aðeins lesið í tölvum, þ.e. vélum í flokki nr. 8471.

Með hliðsjón af öðrum undirflokkum tollskrár í sama númeri, s.s.

8523-1101	8523-1101	Fyrir vélar í nr. 8471.
8523-1201	8523-1201	Fyrir vélar í nr. 8471.
8523-1301	8523-1301	Fyrir vélar í nr. 8471.

var því í hæsta máta eðlilegt að flokka seguldiska þá, sem fluttir voru inn og ekki er unnt með neinu móti að nota án breytinga í neitt annað en vélar í flokki 8471 í tollflokk 8523-2001.

Þá segir að innflytjandi hafi flokkað seguldiska þessa í þrjú ár í tollflokk 8523-2001 án þess að til athugasemda kæmi frá embætti tollstjóra. Ekki sé því óeðlilegt að ætla að starfsmenn innflytjanda hafi álitnið að starfsmenn tollstjóraembættisins hafi með þögn sinni samþykkt viðkomandi tollflokkun. Það sé fyrst eftir gildistöku auglýsingar nr. 147/2000 sem tollflokkun varð skýr og því er mótmælt að tollflokkun kæranda hafi verið röng eins og haldið sé fram í úrskurði tollstjóra. Þá er byggt á 12. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, en skýra ber allan vafa í túlkun tollskrárinnar kæranda í hag. Að lokum er þess krafist að hinn kærði úrskurður tollstjóra verði felldur úr gildi enda sé í hæsta máta óeðlilega að öllu málinu staðið.

Kröfugerð kæranda var send tollstjóranum í Reykjavík til umsagnar með bréfi þann 4. febrúar 2002. Í svari sem barst nefndinni þann 20. s.m. bendir tollstjóri á að þegar ríkistollanefnd hafi borist kærana í hendur þann 4. febrúar s.l. hafi 60 daga frestur kæranda til að skjóta máli sínu til nefndarinnar, sbr. 1. mgr. 101. gr. tollalaga, verið liðinn. Tollstjóri óskar þess að nefndin taki afstöðu *ipso facto* til þessa atriðis. Taki nefndin kærana til efnislegrar meðferðar vill tollstjóri að eftirfarandi verði haft til hliðsjónar.

Um sé að ræða miðla til að afrita upplýsingar. Upplýsingarnar geti verið hvað sem er, forrit, texti, myndir eða tónlist. Miðlarnir séu diskar, svokallaðir CD-R og CD-RW diskar. Skammstafanir þessar standi fyrir annars vegar Compack Disk Recordable og hins vegar Compack Disk Rewritable. Munurinn sé sá að á þann síðarnefnda sé hægt að skrifa mörgum sinnum. Diskarnir eru með litahúð sem hituð er með leysigeisla þegar upplýsingar eru skráðar á þá. Eftir að upplýsingarnar hafa verið skráðar sé hægt að nálgast þær með því að lesa þær af diskunum með hjálp leysigeisla. Af þessum sökum hafi diskar þessir verið kallaðir geisladiskar á íslensku. Munurinn á þessum diskum og seguldiskum eða disklingum (diskettes) er sá að yfirborð seguldiskanna er húðað með efni sem auðvelt sé að segulmagna og eru upplýsingarnar ritaðar á diskinn með þeim hætti.

Þá segir í kröfugerð tollastjóra að hann og kærandi séu sammála um tollflokkun umræddra tölvudiska í vörulið 8523. Ágreiningurinn snúist um flokkun í undirliði, annars vegar í tnr. 8523-2001 og hins vegar í tnr. 8523-9000. Síðan segir orðrétt: "Við flokkun vöru í tollskrá ber að fara eftir túlkunarreglum hennar og þá fyrst og fremst þeirri fyrstu sem hljóðar svo: „*Fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum eru einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skal tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka og kafla og brjóti það ekki í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skal fylgt eftirfarandi reglum.*”

Þegar kemur að flokkun vöru í undirliði, kemur til kasta 6. túlkunarreglu tollskrár sem hljóðar svo: „*Í lagalegu tilliti skal flokkun vara í undirliði einstakra vöruliða byggð á orðalagi undirliðanna og sérhverri tilheyrandi athugasemda við undirliði og, að breyttu breytanda, framangreindum reglum, með því fororði að aðeins jafnsettir undirliðir verða bornir saman. Viðkomandi athugasemdir við flokka og kafla gilda einnig með tilliti til þessarar reglu, nema annað leiði af orðalagi.*” Vöruliður **8523 Fullgerðir óáteknir miðlar til hljóðupptöku eða áþekkrar upptöku á öðrum merkjum, þó ekki vörur í 37. kafla**, skiptast upp í fjóra jafnsetta undirliði (með einu þankastríki) en þeir eru eftirfarandi:

- | | | |
|----|----|---------------------|
| 1. | 1. | Segulbönd. |
| 2. | 2. | Seguldiskar. |
| 3. | 3. | Kort með segulrönd. |
| 4. | 4. | Aðrir. |

Við flokkun geisladiska í undirliði vöruliðar 8523 verður því, sbr. 6. túlkunarreglu tollskrárinnar, að bera saman þessa fjóra jafnsettu undirliði. Það segir sig sjálf að samkvæmt orðalagi undirliðanna geta geisladiskar ekki flokkast annars staðar en í síðasta undirliðinn, þ.e. í tnr. 8523-9000. Það að hinir undirliðirnir t.d. fyrir segulbönd og seguldiska skiptist frekar upp hefur ekkert að segja við flokkun þeirrar vöru sem á heima í síðasta undirliðnum. Til frekari stuðnings má benda á nýlegan úrskurð ríkistollanefndar númer 12/2001, en þar var ágreiningsefnið einnig tollflokkun geisladiska. Með vísan til framangreinds er því alfarið hafnað sem kærandi heldur fram, að tollskráin hafi verið óskýr fram til 1. janúar 2001 að því er varðar tollflokkun á umræddum geisladiskum.”

Það að umbjóðandi kæranda hafi tollflokkað umrædda geisladiska í tnr. 8523-2001 í þrjú ár án athugasemda frá tollstjóra vill tollstjóri taka fram að allar umræddar sendingar voru tollafgreiddar í skjallausu kerfi SMT. Þetta fyrirkomulag hefur það í för með sér að fyrirtækið gat skilað inn tollskýrslum rafrænt án þess að leggja fram frekari gögn varðandi umrædda vöru. Með þessum hætti er komið til móts við innflytjendur til að unnt sé að flýta fyrir tollafgreiðslu varnings almennt. Embættið á að geta treyst því að innflytjandi tollflokki varning sinn rétt og hafði engin gögn í höndunum sem bentu til annars. Innflytjanda var á engan hátt rétt að skilja það sem svo að um samþykki hefði verið að ræða af hálfu tollstjóra.

Hvað varðar þá kröfu kæranda að skýra beri allan vafa í túlkun tollskrár honum í hag með vísan til 12. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, með síðari breytingum vísar tollstjóri til þess álits að enginn vafi hafi leikið á því hvernig tollflokka átti umrædda vöru. Tollskráin hafi verið alveg skýr að þessu leyti. Embættið hafði því engin vægari úrræði til að fullnægja skyldu sinni um rétta álagningu og fullnustu aðflutningsgjalda. Með vísan til ofanritaðs og forsendna hins kærða úrskurðar krefst tollstjóri þess að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Kæranda var send kröfugerð tollstjóra til umsagnar með bréfi þann 21. febrúar 2002. Í svari sem barst nefndinni þann 19. mars s.l. er m.a. mótmælt þeirri skoðun tollstjóra að 60 daga kærufrestur hafi verið liðinn. Fresturinn miðist við póstlagningu úrskurðarins en óupplýst sé hvenær hann var póstlagður en efni sínu skv. teljist hann þó vera uppkveðinn 29. nóvember 2001 og því tæplega póstlagður fyrr. Síðan segir að ef tollskráin sé svo skýr, eins og tollstjórinn í Reykjavík haldi fram hafi verið fullkomlega óþarfi að breyta henni og fjölga undirliðum eins og gert var með auglýsingu 147/2000. En ástæða þeirrar breytingar var sú að tollskráin var alls ekki svo skýr sem skyldi. Ágreiningsatriðið, skilin milli flokkanna tnr. 8523.2001 og 8523.9000 komi næst á eftir fyrirsögninni –kort með segulrönd- og heitir aðrir – Aðrir- hvað? Ágreiningsatriðið varði diska í tölvur og öll tollskráin vísi alltaf í “vélar í nr. 8571” þegar átt sé við tölvur. Diskar í tölvur falli því eðli máls skv. og eftir allri eðlilegri textaskýringu í flokk nr. 8523.2001 sem varði tölvudiska og hafi fyrirsögnina fyrir vélar í nr. 8471.

Aðrir sem er fyrirsögn á flokki nr. 8523.9000 sé því eðli máls skv. fyrir eitthvað annað en vélar í nr. 8471. Að lokum segir að það sé grundvallarregla í lögfræði að túlkun íþyngjandi reglna hvort heldur er afturvirk beiting tollskrár, eða annarra reglna beri að skýra þröngt og allan vafa þolanda í hag. Ekki hafi verið ásetningur að brjóta gegn tollalögum. Alltaf hafi verið leitast við að flokka vörur eftir bestu þekkingu og upplýsinga leitað hjá starfsmönnum tollstjóra ef vafi hafi komið upp. En þaðan hafi upplýsingar um flokkun vörunnar í tnr. 8523.2001 verið komnar þótt ómögulegt sé að sanna það. Verði úrskurður tollstjóra staðfestur sé verið að beita tollalögum með afar ósanngjörnum hætti og í ósamræmi við það hvernig refsilögum yrði beitt um sama tilvik.

Ríkistollanefnd hefur farið yfir þau gögn sem fyrir liggja í máli þessu. Áður en farið er yfir málið efnislega er rétt að ríkistollanefnd taki afstöðu til kröfu tollstjóra eo *ipso* um að 60 daga kærufrestur kæranda hafi verið liðinn þegar

mál kæranda barst til nefndarinnar þann 4. febrúar s.l. Þessu er til að svara að skv. pósthimppli er kærana pósthögð til ríkistollanefndar þann 28. janúar 2002 og er því innan 60 daga tímamarka.

Kærandi vísar til 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, svokallaðrar meðalhófsreglu, og telur endurákvörðun tollstjóra ólögmeða skv. þeirri reglu þar sem endurákvörðunin sé íþyngjandi fyrir kæranda. Því verður ekki mótmælt að endurákvörðun tollstjóra sé íþyngjandi fyrir kæranda. Að mati nefndarinnar er hins vegar ekki hægt að fallast á það með kæranda að tollstjóri hafi með endurákvörðun sinni brotið gegn meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga. Hér er eingöngu um það að ræða að tollstjóri úrskurðar um tollflokkun vöru í samræmi við gildandi tollalög. Úrskurður tollstjóra byggir á túlkun tollskrár sem er hluti af tollalögum. Ákvörðun tollstjóra byggir á því að allir innflytjendur sitji við sama borð, í þessu tilviki innflytjendur geisladiska. Er hún því í fullu samræmi við tilvitnuð stjórnsýslulög, sbr. t.d. jafnræðisreglu 11. gr. tilvitnaðra laga.

Í máli þessu er deilt um tollflokkun á óáteknum geisladiskum. Tollstjóri telur flokkun kæranda ranga en hann flokkaði vöruna í tnr. 8523.9000. Tollstjóri telur rétta tollflokkun vörunnar vera í tnr. 8523.9000 og byggir endurákvörðun sína á þeirri flokkun. Kærandi krefst þess að hinn kærði úrskurður verði ógiltur og að tollflokkun á framangreindum sendingum hafi ekki verið röng. Eins og tollskráin hafi verið orðuð hafi verið eðlilegt að flokka vöruna í tnr. 8523.2001. Tollskráin hafi verið óskýr að þessu leyti allt þar til breyting var gerð á henni með auglýsingu nr. 147/2000 sem tók gildi þann 1. janúar 2001.

Endurákvörðun tollstjóra tekur yfir 32 sendingar sem afgreiddar voru í svokallaðri "SMT tollmeðferð", þ.e. skjallausri tollafgreiðslu. Vara sú sem hér er deilt um tollflokkun á flokkast í vörulið 8523: **Fullgerðir óáteknir miðlar til hljóðupptöku eða áþekkrar upptöku á öðrum merkjum, þó ekki vörur í 37. kafla.** Í tollskrá er þessum lið skipt upp í fjóra jafnsetta undirliði en þeir eru eftirfarandi;

1. Segulbönd.
2. Seguldiskar.
3. Kort með segulrönd.
4. Aðrir.

Í skýringarþóku Alþjóðatollasamvinnuráðsins eru þessir undirliðir skýrðir nánar. Í 4. athugasemd segir m.a. að um sé að ræða miðla fyrir upptöku með segulvirkni, þ.e. diskar eða kort (úr plasti eða pappa), böndum, ræmum eða filmum (úr plasti eða málm) eða málmvír, annað hvort sem hægt er að segulmagna eða útbúið með lakkhúðun með dreifðu seguldufti eða húðað á sérstakan hátt með járnsegulmagnaðri húðun (Ferromagnetic coating).

Í 5. athugasemd segir að um sé að ræða óátekna diska búna fyrir upptöku með leysigeisla. Þessir diskar eru venjulega gerðir úr gleri, þaktir sérstöku yfirborði sem gerir kleift að skrifa í yfirborðið með leysigeisla upplýsingar um hljóð, myndir eða svipaða notkun. Þessir diskar eru notaðir við upptöku á upplýsingum fyrir sjálfvirkar gagnavinnsluvélar, upptöku á myndefni eða fyrir frumgerðir geisladiska.

Virgni seguldiska byggir á yfirborði sem er segulmagnað en geisladiskar byggja á ljóstækni. Ljóst er að hér er um ólíka vöru að ræða. Nefndarmenn eru sammála um með vísan til þess sem hér hefur verið rakið að rétt flokkun óátekinnna geisladiska sé í tnr. 8523.9000.

Í málatilbúnaði kæranda er vara sú sem hér er deilt um tollflokkun á oftast nefnd seguldiskar. Fram hefur komið að hér er um að ræða óátekna geisladiska sem er allt önnur vara en seguldiskar. Seguldiskar (disklingar, diskettur) eru verulega frábrugðnir í virkni og útliti og byggja á allt annarri tækni en geisladiskar. Magn stafrænna gagna sem hægt er að koma fyrir á geisladiski er margfalt því magni sem hægt er að koma fyrir á seguldiski. Jaðartæki sem notuð eru fyrir þessa diska eru almennt verulega frábrugðin að stærð og hafa allt aðra virkni. Skrifarar fyrir geisladiska eru til að mynda sérstök tæki sem þó geta lesið af diskunum. Geisladiskadrif eru algeng og mun ódýrari ef þau geta ekki skrifað en almennt geta seguldiskadrif bæði skrifað og lesið seguldiskana enda byggt á annarri tækni en notuð er í geisladrifum.

Innflytjanda sem er einn stærsti og reyndasti innflytjandi á vörum í þessum vöruflokkum ætti að vera ljós munurinn á þessum tveimur vörutegundum og ef um væri að ræða einhvern vafa í hans huga þá hefði verið eðlilegast og afar einfalt að leita eftir staðfestingu á tollflokkun vörunnar skv. 142. gr. tollalaga. Það gerði kærandi hins vegar ekki og er því tollflokkun vörunnar á hans ábyrgð.

Nefndarmenn geta ekki fallist á það með kæranda að tollskráin hafi verið óskýr hvað flokkun á þessum vörum varðar áður en breytingar voru gerðar á henni með auglýsingu nr. 147/2000, en hún tók gildi þann 1. janúar 2001. Með vísan til reglu 1 í Almennum túlkunarreglum tollskrár en þar segir m.a.: "Fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum eru einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skal tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla og brjóti það eigi í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skal fylgt eftirfarandi reglum." Og í 6. reglu, en þar segir: "Í lagalegu tilliti skal flokkun vara í undirliði einstakra vöruliða byggð á orðalagi undirliðanna og sérhverri tilheyrandi athugasemda við undirliði og, að breyttu breytanda, framangreindum reglum, með því fororði að aðeins jafnsettir undirliðir verða bornir saman. Viðkomandi athugasemdir við flokka og kafla gilda einnig með tilliti til þessarar reglu, nema annað leiði af orðalagi."

Það er mat nefndarmanna að hefði innflytjandi fylgt þessum reglum hefði ekki komið til hinnar kærðu endurákvörðunar tollstjóra.

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum og 1. og 6. tl. almennra reglna um túlkun tollskrár staðfestir ríkistollanefnd tollflokkun tollstjóra á geisladiskum. Jafnframt staðfestir ríkistollanefnd hina kærðu endurákvörðun, dags. 29. nóvember 2001.